

# Ritver Verkmenntaskólans á Akureyri



**Lokaskýrsla til Sprotasjóðs  
25. maí 2020**



## Efnisyfirlit

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn	2
Leiðir að markmiðum	2
Frávik miðað við áætlun verkefnis	3
Helstu hindranir við framkvæmd verkefnisins	3
Helsti ávinningur af verkefninu	3
Mat á verkefninu	3
Niðurstöður verkefnis	3
Kynning verkefnis	4
Rekstrarreikningur	4

Nafn skóla: Verkmenntaskólinn á Akureyri

Nafn verkefnisins: Ritver VMA

Nafn verkefnisstjóra: Ásbjörg Benediktsdóttir

Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk: UMS-172 2019-2020

## **Markmið verkefnis samkvæmt umsókn**

Markmið verkefnisins var að samræma fræðileg vinnubrögð og kröfur kennara á ólíkum brautum. Einnig að styrkja nemendur í sjálfstæðum og fræðilegum vinnubrögðum og framsetningu ólíkra texta á mismunandi formi. Meðal annarra markmiða var að undirbúa nemendur undir frekara nám ásamt því að efla upplýsingalæsi nemenda, gagnrýna hugsun nemenda og gera þá öruggari í mati á áreiðanleika heimilda. Loks var boðið upp á aukna aðstoð við framsetningu texta á vönduðu máli með því að nýta til þess ýmis tiltæk hjálpargögn, bæði rafræn og á pappír.

## **Leiðir að markmiðum**

Sótt var um styrk í Sprotasjóð vorið 2019 til þessa verkefnis. Þegar styrkbeiðni var samþykkt hófst undirbúningsvinna. Ritversnefnd var stofnuð en í henni sátu sviðsstjóri stúdentsprófsbrauta, starfsmaður bókasafns VMA, íslenskukennari og fagstjóri félags- og hugvísindabrautar. Nefndin hittist í lok maí 2019 og lagði línur fyrir vinnu haustannar. Haustönn 2019 var nýtt til frekari undirbúnings, meðal annars með því að greina hvar þörfin er mest og hvaða verkefnum væri nauðsynlegast að ritverið sinni. Lagt var upp með að vera í góðu samstarfi við bókasafn skólans og að ritverið ætti bækistöð þar. Ritverið hóf formlega störf á vorönn 2020, í janúar.

Nefndin kynnti sér ritver annarra framhaldsskóla og einnig ritver innan Háskóla Íslands. Ritverið var jafnframt kynnt rækilega á starfsmannafundum. Í framhaldinu var boðið upp á tvö endurmenntunarnámskeið fyrir kennara, annars vegar í mati á heimildum og framsetningu heimildaskrár og hins vegar í framsetningu tilvitnana og tilvísana. Starfsmenn ritvers voru tveir og voru við á bókasafni skólans fjóra daga vikunnar í 80 mínútur í senn. Nemendur gátu pantað sér tíma í gegnum Google dagatal en einnig gátu þeir sótt aðstoð án þess að panta tíma, ef starfsmaður var ekki bókaður. Þá var stofnað netfang fyrir ritverið og gátu nemendur og kennarar sent póst og óskað eftir ráðgjöf eða annarri aðstoð utan hefðbundins viðverutíma.

Starfsmenn ritvers buðust auk þess til að færa fræðslu inn í kennslustofur hjá tilteknum hópum ef þess var óskað. Þessi þjónusta var samstarfi við starfsmenn bókasafnsins.

Þá var sett upp sameiginlegt drif fyrir alla kennara skólans þar sem starfsmenn ritvers hlóðu inn ýmsum gögnum sem tengjast ritgerðarvinnu, svo sem matskvörðum, leiðbeiningum um mat á gæðum heimilda og öðru gagnlegu efni.

## **Frávik miðað við áætlun verkefnis**

Viðvera var aukin frá upphaflegri áætlun úr tveimur viðverutímum í fjóra. Undirbúningsnefnd afsalaði sér launum til þess að hægt væri að auka viðveru í Ritveri. Að öðru leyti voru lítil frávik önnur en skólalokun í samkomubanni frá 15. mars 2020 - 4. maí 2020 vegna kórónaveirufaraldurs. Vegna skertrar viðveru í skólalokun var fjármagn fært af vorönn 2020 yfir á haustönn 2020 og mun það nýtast til þess að halda endurmenntunarnámskeið fyrir starfsmenn skólans.

## **Helstu hindranir við framkvæmd verkefnisins**

Nemendur og kennarar nýttu ritverið ekki nægilega vel framan af en má segja að skriður hafi verið kominn á aðsókn þegar skólalokun skall á. Forsendur fyrir ritveri í fjarvinnu voru ekki til staðar. Undir lok annar bárust þó nokkrar fyrirspurnir frá kennurum varðandi ritgerðavinnu.

Vinnuálag vegna ritgerðarskrifa eru gjarnan í lok annar þegar nemendur eru að skrifa lokaverkefni á öllum brautum. Fyrirséð er að í venjulegu árferði hefði þörfin fyrir þjónustu ritvers verið hvað mest á þeim tíma sem skólinn reyndist vera lokaður.

## **Helsti ávinningur af verkefninu**

Það er komin fyrirmynd sem hægt er að nýta og vinna áfram með. Undirbúningsvinna hefur verið unnin. Nemendur og starfsmenn skólans eru nú meðvitaðri um mikilvægi vandaðra vinnubragða og framsetningu ritgerða og sjá gagnsemi ritvers, þegar kemur að því að fá stuðning.

## **Mat á verkefninu**

Það er sorglegt að þegar mest hefði reynt á starfsemi ritvers var skólabyggingin lokuð vegna alheimsfaraldurs. Starfsmenn ritversins fundu fyrir því að eftirspurn eftir aðstoð ritvers fór vaxandi, einmitt þegar um það leyti sem samkomubann var sett á.

Þörf á ritveri er fyrir hendi. Það veitti ennfremur ekki af því að færa út kvíarnar og bjóða upp á alhliða stuðning og þjónustu við nemendur allan daginn, eins konar námsver, sem ritver væri hluti af.

## **Niðurstöður verkefnis**

Kennarar og nemendur skólans nýttu sér þjónustu ritvers. Eins og allar nýjungar í skólastarfi þarf að gefa þeim tíma til þess að ávinna sér sess. Eftirspurn eftir þjónustu ritversins fór hægt af stað en var stígandi þegar skólalokun skall á. Það er mat starfsmanna ritvers að bjóða þurfi þessa þjónustu áfram og sé til framtíðar lítið að útvíkka hana enn meira. Á hinn bóginn er óvíst um framtíð ritversins vegna bágrar fjárhagsstöðu skólans. Í haust hyggjast starfsmenn

Ritvers bjóða aftur upp á endurmenntunarnámskeið fyrir kennara tengd heimildaöflun, rýni og skráningu.

### Kynning verkefnis

Verkefnið var vel kynnt innan skólans. Það var gert á nokkrum kennara- og fagfundum á haustönn 2019 á meðan undirbúningi stóð. Eftir að starfsemi hófst var reglulega minnt á ritverið með tölvupóstum bæði til starfsmanna og nemenda, auglýsingum um skólann og á kennarafundum. Lokaskýrsla verður kynnt á kennarafundi í haust (2020) ásamt möppu á samnýttu drifi sem geymir ýmis hjálpargögn um ritgerðarvinnu og gögn tengd henni.

### Rekstrarreikningur

Sjá viðauka 1.

Akureyri, 28. maí 2020

VERKMENNTASKÓLINN  
Á AKUREYRI  
28/5 2020  
Skólameistari ábyrgðarskóla  
Benedikt Þarson

Verkefnisstjóri Ritvers  
Ashjörg Benediktssd.